

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 1. mgr. 43. gr. laga nr. 50/1988, um virðisaukaskatt, með síðari breytingum, og öðlast gildi 1. september 2000.

Fjármálaráðuneytinu, 24. júlí 2000.

Marianna Jónasdóttir.

Bergþór Magnússon.

GJALDSKRÁ

Hitaveitu Blönduóss.

1. gr.

Hitaveitan selur hitaorku úr hitaveitukerfum þeim, sem gerð hafa verið eða verða gerð, eftir þeim reglum sem settar eru í gjaldskrá þessari og reglugerð fyrir Hitaveitu Blönduóss.

2. gr.

Gjöld fyrir afnot heita vatnsins og vinnuregla um vatnshitamælingu eru sem hér segir fyrir Hitaveitu Blönduóss:

- a) Fastagjald fyrir hvern mæli á mánuði verði kr. 827,00
og hækki sem nemur einu fastagjaldi fyrir hverja byrjaða 2.500 áætlaða árs-
rúmmetra. Þó aldrei meira en eitt fastagjald á íbúð.
- b) Vatnsgjald um vatnsmæli til almennra nota, fyrir rúmmetra
vatns kr. 50,40
- c) Vatnsgjald um vatnsmæli til sérnota, fyrir rúmmetra vatns kr. 92,40
- d) Gjald fyrir lokun og enduropnun kr. 1.654,00
- e) Miðað er við að meðalhitastig vatns í veitukerfinu sé 57°C við inntak hjá notendum við hámarksrennsli (a.m.k. 5 lítrar á mínútu). Notendur geta sótt skriflega um afslátt frá liðum a), b) og c) ef hitastig vatnsins við inntak er 55°C eða lægra. Hitastig skal mælt með mælitækjum veitunnar og skal miða við snertihitastig mæla-
botns eftir að áætlað hámarksrennsli hefur staðið í a.m.k. 15 mínútur. Útihitastig meðan á mælingu stendur skal vera á bilinu -4°C til -6°C. Afsláttur skal vera sem hér segir:
 - 1. 5% ef hitastig mælist hærra en 51°C en lægra eða jafnt og 55°C.
 - 2. 10% ef hitastig mælist hærra en 48°C en lægra eða jafnt og 51°C.
 - 3. 15% ef hitastig mælist 48°C eða lægra.

Þar sem magnmælir er notaður er hitaveitunni heimilt að setja búnað er takmarkar rennsli til notenda við áætlaða hámarksþörf. Hitaveita Blönduóss getur leiðrétt reikninga í þeim tilvikum þegar hitastig vatns við hámarksrennsli nær ekki tilskildu hitastigi.

3. gr.

Óski notandi þess að lesið sé á mælitæki hans utan reglubundins álestrartíma hitaveitunnar og honum gerður sérstakur reikningur eða hann óskað eftir prófun á stillingu hemils eða mælis og í ljós kemur að frávik er innan við 5% frá rétttri stillingu, skal hann greiða kr. 827,00.

4. gr.

Heimæðargjald Hitaveitu Blönduóss skal vera sem hér segir fyrir eina heimæð:

Rúmmál húss (utanmál) Heimæðargjald

Allt að 300 m³ 111.818 kr.

300 - 2.000 m³ 111.818 kr. fyrir 300 m³ og 103 kr/m³ þar yfir

2.000 - 6.000 m³ 286.490 kr. fyrir 2.000 m³ og 82 kr/m³ þar yfir

6.000 - 10.000 m³ 612.875 kr. fyrir 6.000 m³ og 66 kr/m³ þar yfir

Meira en 10 000 m³ 878.816 kr. fyrir 10 000 m³ og 58 kr/m³ þar yfir.

Stofngjald fyrir hvern aðrennslismæli er kr. 10.884 umfram einn á sama inntaki.

Gjöld þessi eru miðuð við byggingarvísitölu 1. maí 2000 (244,1 stig).

5. gr.

Breytingar á vatnsgjöldum samkvæmt 2. gr. skulu háðar samþykktum bæjarstjórnar Blönduóss, að fengnum tillögum frá veitunefnd. Breytingar á gjaldskrá þessari skulu staðfestar í iðnaðarráðuneytinu hverju sinni.

6. gr.

Öll gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari má taka fjárnámi á kostnað gjaldenda.

Gjaldskrá þessi sem samin er og samþykkt af veitunefnd Hitaveitu Blönduóss og sett samkvæmt orkulögum nr. 58, 29. apríl 1967, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis, nr. 280, 27. apríl 1999.

Iðnaðarráðuneytinu, 24. júlí 2000.

Valgerður Sverrisdóttir.

Þorgeir Örlygsson.

REGLUGERÐ

um einkaheimili sem taka börn til dvalar í atvinnuskyni í allt að sex mánuði.

I. KAFLI

Skilgreiningar.

1. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi tekur til einkaheimila sem taka börn til dvalar í atvinnuskyni gegn gjaldi í allt að sex mánuði. Um er að ræða heimili sem taka börn í sveit á sumrin á eigin vegum og heimili sem taka að sér börn fyrir barnaverndarnefndir.

Reglugerðin gildir óháð því hvort foreldrar eða opinberir aðilar greiði fyrir þjónustuna.

Reglugerðin tekur ekki til heimila þar sem börn dvelja á grundvelli annarra laga, svo sem laga um málefni fatlaðra.

II. KAFLI

Afgreiðsla umsókna.

2. gr.

Umsóknir.

Umsókn um leyfi til að taka að sér börn til dvalar skal send barnaverndarnefnd í heimilissumdæmi umsækjanda. Í umsókninni skal koma fram: